

September 2020

## Gátlisti: Heilsufar barna á grunnskólaaldri

Grunnskólanemnendur og starfsfólk grunnskóla eiga ekki að mæta í skólann ef þau:

- Eru með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar: slappleika, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki og/niðurgang. Miðað er við að skólabörn og starfsfólk skuli vera hitalaus í a.m.k. einn sólahring áður en þau snú aftur í skólann ef veikindi stafa af öðru en COVID-19
- Eru í sóttkví, einangrun eða bíða niðurstöðu sýnatöku
- Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift

Ef vafi er á hvort nemandi eigi að mæta í grunnskóla, s.s. vegna einkenna eða veikinda af einhverju tagi, umgengni við smitaða eða ef nemandinn hefur dvalið erlendis, ætti nemandinn að vera heima þar til haft hefur verið samráð við heilsugæslu í síma eða í gengum vefinn heilsuvera.is eða við rakningateymi eftir atvikum, og ákvörðun tekinn um hvort viðkomandi geti farið í skólann.

## Veikindi skólabarna á skólatíma

Barn skal sótt í skólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær yfir 38°C og flensulík einkenni

## Sýnatökur

- Ef grunur leikur á að nemendur hafi komist í snertingu við COVID\_19 smit, t.d. vegna umgengni við aðra sem eru með staðfest smit eða grun um slíkt þarf viðkomandi að fara í sýnatöku
- Ef nemandi er með einkenni s.s.kvef, hósta, slappleika, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki og/ niðurgang og aðrir í fjölskyldunni eða nánasta umhverfi þess eru það einnig er nauðsynlegt að viðomandi fari í sýnatöku. Sé enginn annar í fjölskyldun eða tengslaneti barnsins með slík einkenni er það mat heilbrigðisstarfsfólks hverju sinni hvort barnið omi í sýnatöku

## Sóttkví

Nemendur þurfa að fara í sóttkví, samkvæmt leiðbeiningum heilbrigðisstarfsfólks eða smitrakningarteymis, ef þeir hafa verið í tengslum við aðra, óháð aldri þeirra, sem greindir hafa verið með smit eða grun um smit

Einstaklingar fæddir árið 2005 eða síðar, eru almennt undanþegin sóttkví og skimun vegna ferðalaga en þurfa að fara í sóttkví ef

- Þau hafa ekki aldur eða þroska til þess að halda fjarlægð frá öðru heimilisfólki sem er í sóttkví. Þá þarf barn að vera í sóttkví með öðru heimilisfólki
- Þau hafa ferðast með fullorðnum sem bíða niðurstöðu úr skimunum á landamærum. Þetta á einnig við um eldri börn sem geta haldið fjarlægð frá öðru heimilisfólki. Bíða þarf niðurstöðu skimunar hjá ferðafélögum/heimilisfólki áður en viðomandi má mæta aftur í skólann. Á það einnig við um seinni skimun. Séu skimanir ferðafélaga /heimilisfólks neikvæðar má barnið mæta í skólann

Sjá nánar í upplýsingum Embættis landlæknis um [heimasóttkví](#) og [börn í sóttkví](#) og á [heilsuvera.is](#)

## Ferill: Smit eða grunur um Covid-19 smit í skólastarfi

Tilkynnt er um smit

- af foreldri/forráðamanni eða starfsmanni
- af smitrakningarteymi almannavarna
- mögulegt smit uppgötvast í skólastarfi

1. Skólastjóri upplýstur um stöðuna
2. Forráðamaður upplýstur og nemandi /starfsmaður beðin um að fara heim ef við á
3. Skólastjóri leitar ráða í síma 1700 eða á heilsugæslu hverfisins
4. Unnið er samkvæmt ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda
5. Skólastjóri metur í samræmi við ráðleggingar heilbrigðisyfirvalda hvernig upplýsingamiðlun skal háttað vegna viðkomandi tilfelli